


Bárður Breiðvík talar ekki út í bláinn.



Listamenn og forsvarsmenn sýningarinnar.

AB myndir ATA

Augliti til auglitis á Kjarvalsstöðum:

Sýning sem kemur róti á hugann

Þessa dagana stendur yfir norræn myndlistasýning á Kjarvalsstöðum, „Augliti til auglitis", og stendur hún til 25. september.

Meðal íslenzkra þátttakenda í þessari sýningu eru: Ágúst Petersen, Hildur Hákonardóttir, Hringur Jóhannesson, Óskar Magnússon og Blómey Stefánsdóttir.

Sýningin kemur hingað á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og Félags íslenzkra myndlistarmanna, sem er aðili að því, en bandalagið hefur mörg undanfarin ár gengizt fyrir samsýningum myndlistarfólks frá Norðurlöndunum fimm. Fyrst voru þessar sýningar haldnar í höfuðborgunum og nokkrum öðrum stærri borgum. Síðasta stóra sýningin af þessu tagi var haldin á Kjarvalsstöðum 1972 í tengslum við Listahátíð í Reykjavík.

Nú hefur verið tekinn upp nýr háttur í þessari sýningarstarfsemi, og er þessi sýning sú fyrsta „sinnar tegundar", ef svo má segja, sem haldin er hér á landi. Sú fyrsta var opnuð í Stokkhólmi í nóvember í fyrra.

Markmið sýningarinnar er, „að sýna myndlist og formmótun í víðara samhengi en tíðast hefur verið gert, víkja frá hinum sérfræðilegu sjónarmiðum og taka mið af umhverfisvandamálum síðustu ára og áratuga," eins og komist er að orði í sýningarskrá.

Mikið hefur verið rætt og ritað um þessa sýningu annars staðar á Norðurlöndum og hefur hún yfirleitt fengið góða dóma þar sem hún hefur gengið yfir. Þó má benda á, að Politiken hafi lýst sýningunni, sem „norrænni ringulreið".

Á blaðamannafundi sem haldinn var rétt fyrir opnun sýningarinnar gafst kostur á, að ræða við nokkra af forsvarsmönnum þessa listviðburðar og einnig listamenn, sem þarna sýna.

Eirikur Smith listmálari, sem unnið hefur við uppsetningu sýningarinnar, sagði, að mikil vinna hefði farið í að koma þessu öllu fyrir. Hér væri um merkan listviðburð að ræða, en að sjálfsögðu væru deildar meiningar um einstök verk og einstaka listamenn.

Bárður Breiðvík (Bard Breivik) frá Noregi er tvímælalaust í hópi þeirra listamanna, sem hvað mesta athygli vekur. Í viðtali við AB sagði Bárður, „að listin væri hluti af umhverfinu sjálfu." Í það minnsta ætti hún að vera það. „Sumir búa til listaverk til að selja. En til þess að hægt sé að selja listaverk þarf að vera hægt að hengja þau upp á vegg. Þannig hefur það verið. Min skoðun er sú, að listamaðurinn eigi að skapa listaverkið vegna listarinnar sjálfrar. Hann á að geta skapað listaverk, sem hægt er að koma fyrir, þannig að fólk geti notið þess, án tillits til þess, hvort hægt sé að koma því nokkurs staðar fyrir eftir að sýningu lýkur."

Þegar litið er á listaverk Bárðar fer ekki á milli mála, að maðurinn talar ekki út í bláinn. Virðing þessa unga listamanns fyrir efninu og forminu er í slíkum sérflokki, að ekki getur farið fram hjá nokkrum manni sem stigur inn fyrir dyr á þessari sýningu.

Ef litið er á heildina má ætla að þessi sýning hljóti að koma nokkru róti á huga listunnenda og listafólks. Þarna eru á ferðinni listamenn af beztu sort, og sýningin í heild eykur verulega hróður Kjarvalsstaða, sem hiklaust má telja í flokki fremstu sýningarsala myndlistar í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

——BJ



Þekkt andlit á einu bretti



Verk eftir Óskar Magnússon



„Hvað skyldi vera gert við svona listaverk þegar sýningunni lýkur?" eða „Hvað skyldi þetta nú vera?" Dæmi um áleitar spurningar sem sýningargestir hljóta að velta fyrir sér.